

1—4—34 og dæma stefnda ómaksbætur hjá áfrýjanda, er ákveðast 6 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandinn Stefán Stefánsson greiði stefnda Birni Líndal fyrir hönd Snæbjörns Björnssonar 6 krónur innan 8 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa, að viðlagðri lagaðför.

Mánudaginn 20. dag marzmán.

Nr. 74/1910:

Hreppnefnd Gerðahrepps
gegn
Þórði J. Thoroddsen.

D ó m u r :

Í máli þessu lögsækir stefndi Þórður læknir Thoroddsen í Reykjavík áfrýjendurna, hreppsnefnd Gerðahrepps í Gullbringusýslu, um greiðslu á skuld til kaupfélags Rosmhvalanesshrepps, 827 kr. 20 aura, og var málið dæmt í gestarétti Gullbringu- og Kjósarsýslu 7. desbr. f. á., með þeim úrslitum, að hreppsnefndin var skylduð til að greiða stefnda, sem forstjóra kaupfélags Rosmhvalanesshrepps hina umstefndu upphæð með 5% vöxtum af henni frá 6. okt. f. á og í málskostnað 30 krónur.

Þessum dómi hefir hreppsnefnd Gerðahrepps skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 27. des. f. á. og fengið

til þess gjafsókn og skipaðan málaflutningsmann, og hefir þess verið krafist fyrir yfirdóminum af áfrýjanda hálfu, að hreppsnefndin verði dæmd sýkn af kærnum og kröfum stefnda, en til vara, að henni verði að eins gjört að greiða það af skuldinni, er Gerðahreppi ber að lúka af þessari skuld Rosmhvalanesshrepps hins forna á móts við Keflavíkurhrepp. Og hvernig sem málið fer, krefst hreppsnefndin þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða málskostnað fyrir báðum réttum eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, þar á meðal málfærslulaun til hins skipaða málfærslumanns hreppsnefndarinnar fyrir undir- og yfirdómi eftir mati yfirdómsins. Stefndi hefir aftur á móti krafist þess, að dómurinn verði staðfestur og sér dæmdur málskostnaður fyrir yfirdómi hjá áfrýjanda.

Áfrýjandinn hefir bygt sýknunarkröfu sína á því fyrst og fremst, að stefndi hafi eigi heimild til að innheimta skuld þá, er hér er stefnt um, hvorki sem forstjóri kaupfélags Rosmhvalanesshrepps né í eigin nafni; hann hafi hvorki sannað, að hann sem forstjóri kaupfélagsins hefði haft vald til að höfða mál fyrir félagsins hönd, og þó að svo hefði verið meðan félag þetta lifði og var til, þá væri nú alt öðru máli að gegna, 12 eða 13 árum eftir að félagið væri dautt og úr sögunni. Stefndi heldur því fram, að þessari sýknunarástæðu eigi ekki að sinna, sem of seint fram kominni, með því að hún hafi fyrst komið fram í 2. réttarhaldi í gestaréttinum, eftir að hreppsnefndin sjálf hafði í 1. réttarhaldi borið fram mótmæli gegn skuldinni, en með því að stefndi hreyfði þá eigi neinum mótmælum gegn framkomu þessarar varnarástæðu, verður henni ekki nú vísað á bug af greindri ástæðu. En um heimild stefnda til að krefjast skuldarinnar af kaupfélagsins

hálfu, sem skuldin er eignuð, er ekki upplýst annað í málinu en það, að stefndi hefir verið kosinn forstjóri kaupfélagsins á aðalfundi þess árið 1895, og að hann krafðist skuldarinnar bréflaga af hreppsnefnd Rosmhvalanesshrepps, er Gerðahreppur er síðan orðinn til úr, árið 1903. Ekkert er heldur fram komið í málinu, er hnekki þeirri staðhæfingu áfryjanda, að kaupfélagið sé löngu hætt og fallið úr sögunni, og stefndi hefir ekki sýnt eða sannað neina heimild til að innheimta skuldir þess. En að svo vöxnu máli verður ekki séð að stefndi sé réttur sóknaradili máls þessa, og verður því samkvæmt kröfu áfryjanda og án þess að til athugunar þurfi að koma aðrar ástæður hans, að sýkna hann af kröfum stefnda í málinu. Eftir þessum úrslitum ber stefnda að greiða málflytninguskaup hins skipaða málfærslumanns áfryjanda fyrir undir- og yfirrétti, er ákveðst samtals 40 krónur. Að öðru leyti fellur málskostnaður niður. Það vottast, að málfærsla hins skipaða málfærslumanns hefir verið lögmat.

Því dæmist rétt vera:

Áfryjandinn, hreppsnefnd Gerðahrepps, á að vera sýkn af kæru stefnda Þórðar J. Thoroddsens læknis í máli þessu. Stefndi greiði málflytninguskaup hins skipaða málfærslumanns áfryjandans fyrir undir- og yfirdómi, Odds yfirréttarmálaflutningsmanns Gíslasonar, 40 krónur; að öðru leyti fellur málskostnaður niður.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans, að viðlagðri lagaðför.